

## **Þuríður Jóna Jóhannsdóttir**

### **Doktorsvörn við Menntavísindasvið:**

Föstudaginn 3. desember næstkomandi fer fram doktorsvörn frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands í Hátíðasal HÍ. Þuríður Jóna Jóhannsdóttir mun þar verja doktorsritgerð sína

### **Kennaramenntun í fjarnámi samhliða kennslu í skóla: Einstaklingsþróun og kerfisþróun í skólum og kennaramenntun, á ensku, Teacher education and school-based distance learning: Individual and systemic development in schools and a teacher education programme**

Hefst: 03/12/2010 - 10:30 Staðsetning: [Aðalbygging](#)  
Nánari staðsetning: Hátíðasalur



Andmælendur eru dr. Yrjö Engeström prófessor við Helsinkiháskóla og annar forstöðumanna CRADLE - Center for Research on Activity Development and Learning og dr. Anne Edwards prófessor við Oxfordháskóla og einn af forstöðumönnum OSAT - Oxford Centre for Sociocultural and Activity Theory Research. Leiðbeinendur Þuríðar voru dr. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs og dr. Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þriðji aðili í doktorsnefndinni var dr. Sten R. Ludvigsen, prófessor og forstöðumaður InterMedia við Oslóháskóla. Dr. Hanna Ragnarsdóttir, deildarforseti uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs stýrir athöfninni sem hefst klukkan 10.30 fyrir hádegi.

Ritgerðin fjallar um kennaramenntun í fjarnámi og kennaranema sem búa á landsbyggðinni og kenna í grunnskólum samhliða kennaranámi. Vettvangur rannsóknarinnar var annars vegar fjarnámið við Kennaraháskóla Íslands þar sem fylgst var með háskólanámi

kennaranema og hins vegar strandhérað þar sem lengi hafði verið kennaraskortur en þar var fylgst með kennaranemum í skólum. Kennaramenntun er í senn akademískt og starfstengt nám og rannsóknin lýtur að því hvernig námið í skólunum og háskólanámið er samtengt. Með því að greina samspil einstaklingsþróunar og stofnanapróunar er varpað ljósi á hvernig möguleikar til að læra að vera kennari tengjast bæði þróun í skólum og þróun fjarnámsins. Í ljós kom að það var háð aðstæðum í skólunum hvernig háskólanámið nýttist. Dregin er sú ályktun að til þess að styðja nám kennaranema þurfi að vinna að skólaþróun á stofnanagrunni. Gengi kennaranema í háskólanáminu tengist þróun náms- og kennsluhátta í fjarnámi sem fram fer í námsumhverfi á netinu en líka í staðlotum í háskólanum. Möguleiki til samvinnu skiptir sköpum varðandi velgengni í náminu og andrúmsloft samhjálp og samábyrgðar hefur þróast í samfélagi fjarnema. Til að greiða fyrir frekari þróun fjarnámsins þarf að vinna að þróun þess á stofnanastigi alveg eins og í grunnskólum. Meginniðurstaða ritgerðarinnar er sú að fyrir framþróun kennaramenntunar þurfi að vinna að þróun á starfi grunnskóla og háskóla á grundvelli stofnanasamvinnu. Í slíkri þróunarvinnu þarf í senn að beina sjónum að ábyrgð einstaklinga, samábyrgð bæði í hópi kennaranema og háskólakennara svo og að sameiginlegri stofnanaábyrgð bæði grunnskóla og háskóla.

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir er fædd á Dalvík árið 1952. Hún tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1972, B.A. próf í íslensku og félagsfræði 1978 frá Háskóla Íslands og M.Ed. próf í uppeldis- og menntunarfræðum 2001 frá Kennaraháskóla Íslands. Þuríður var íslenskukennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð frá 1979-1998 og sérfræðingur við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands árin 2002-2005 með rannsóknir á áhrifum upplýsinga- og samskiptatækni á nám og kennslu sem meginviðfangsefni. Hún hefur verið lektor við Kennaraháskóla Íslands, síðar Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá 2006. Þuríður er gift Þórólfi H. Hafstað jarðfræðingi hjá Íslenskum orkurannsóknum. Þau eiga tvær uppkomnar dætur og þrjú barnabörn.